

Skaftárhreppur
Óskar Örn Gunnarsson
Klausturvegi 4
880 Kirkjubæjarklaustri

Garðabær, 22. ágúst 2024
Málsnúmer: 202407-0014
MH

Efni: Endurskoðun aðalskipulags Skaftárhrepps 2023–2043

Vísað er til erindis Skaftárhrepps sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 8. júlí 2024 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi sveitarfélagsins.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um heildarendurskoðun á Aðalskipulagi Skaftárhrepps 2019–2031 þann 28. júní 2022. Efnisatriði þeirrar umsagnar eiga enn við.

Náttúrufræðistofnun vill benda á eitt atriði sem þarf að lagfæra í greinargerðinni. Í 3. efnisgrein á bls. 22 segir: *Náttúrufræðistofnun Íslands hefur sett fram tillögu um að eftirfarandi svæði í Skaftárhreppi fari á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár (B-hluta) til verndar vistgerðum, fuglum, selum og jarðminjum.* Listi yfir svæði sem þarna eiga að vera talin upp hefur dottið út og þarf að bæta inn aftur.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi.

Virðingarfyllst,

María Harðardóttir

María Harðardóttir
líffræðingur